



Formannafundur UMSB haldinn í Lyngbrekku 5. okt 2017

1. Sólrún Halla Bjarnadóttir sambandsstjóri setti fundinn og bað fulltrúa að kynna sig og hvað félög þeirra hafa verið að brasa síðan síðast.

*Fulltrúar hestamannafélaganna voru frekar ánægðir með starfið en fjórðungsmót kom út í mínus og í framhaldi af því gagnrýndu þeir að ekki væru neinir sjóðir fyrir hestamenn að sækja í s.s. Umfí og Ísí.

*Golfarar í Borgarnesi vonast til að vera komnir með golfkennara til frambúðar. Kvarta yfir peningaleysi og hlakka til kosninga.

*Glannamenn kvarta yfir fáum styrkjum en annars bara brattir.

*Dagrenning heldur uppá 16. júní með balli og 17. júní með leikjum.

Einnig var rúlluskreytingakeppni í sumar.

*Knattspyrnan hjá Skallagrími gengur vel æfingagjöldin duga nánast fyrir þjálfara.

*Frjálsípróttafélagið sendir keppendur víða og þeim gengur ágætlega og nú er stefnt á Gautaborgarleika, verið að sarga í að fá styki til að kaupa grindur fyrir.

*Reykðælir leggja talsvert í að halda úti starfi fyrir börn í dreyfbýlinu. 2018 verða hátíðarhöld vegna 110 ára afmælis félagsins.

*Íslendingur brasar mikið við Hreppslaug, heldur Sverrismót og allskonar en saknar stelpnanna.

*Stafholtstungnamenn skrifa fréttabréf, iðka frjálsarog knattspyrnu, halda umhverfisdag, ríða út og ganga, safna dósum, og gróðursetja tré sem starfsmenn sveitarfélagsins slá sum jafnóðum.

*Mýramenn komu saman og æfðu ýmsar íþróttagreinir einu sinni í viku í sumar á túnum sínum og tilfallandi stöðum. Þeir endurnýjuðu leigusamninginn sinn um Lyngbrekku.

*Skotfélagið sér útsvæðið sitt geymt í skúffu svo í sumar hjálpuðu þeir hestamönnum fyrir fjórðungsmót en vetrarstarfið byrjað.

Þeir keppa líka víða og hafa gaman af þessu.

*Mótorsportfélagið getur lítið starfað vegna aðstöðuleysis.

* Framkvæmdastj. UMSB kynnir hvað hann er að sýsla.
Hann sýslar við að varðveita gögn gömul og ný.
Nórinn er farinn að virka og utanumhaldið að lagast.
Frístundastyrkur BB gildir f. 10 vikna prógramm barna og unglinga 6 - 16 ára.
Rarik gaf UMSB 10 rafmagnsstaura til að gera hreyfitæki úr.
Uppstillingarnefnd er komin af stað.
Nýr búningur í deiglunni.
Lýðheilsugöngur voru í september sem hann skipulagði.
Stefnt að gönguhópurinn verði endurvakinn.
Kennsla í Kempo bardagalistum er að fara af stað í Borgarnesi.
Verið er að skipta um gjaldkera og kemur Sigríður Bjarnadóttir varagjaldk. inn.
Vegna styrks þurfum við að skanna inn gamlar myndir og merkja.

Hér var vikið af dagskrá fundarins og liður 5 tekinn fyrir.

5. Heilsueflandi samfélag. Hvað er það og hvað getum við gert? Gunnlaugur sveitarstjóri Borgarbyggðar og Geirlaug formaður byggðarráðs kynna Heilsueflandi samfélag í Borgarbyggð og við ræðum mögulega aðkomu UMSB og aðildarfélaganna.

*Geirlaug byrjaði og kynnti heilsueflandi samfélag, sem tekin var ákvörðun um sl haust og skrifað undir í vor.

Leiðarljósið er að fólk sjái sér hag í að bæta heilsu sína,
Hreyfing, næring, geðrækt umhverfi.

Meiri virkni,

12 manns í stýrihóp.

Hvað þarf að bæta?

Fundarmenn beðnir um hugmyndir.

Fá eldri borgara til að ganga saman úti t.d á mánud.

Útihreystibrautir, göngu og hjólastígar, jákvæðar fyrirmyndir, sundnámskeið f. 60 ára og eldri, leiðsögn í tækjasal f. eldra fólk sem og ákveðnir tímar sem hægt er að ganga inni í íþróttasal

Hvar eru stelpurnar ?

Gunnlaugur fylgir málinu eftir. og telur þetta vera langhlaup og benti á áhugaverða fundi í vor, Geðheilbrigði talsvert rætt.

Fundarmenn tjáðu sig áfram.

Lýðheilsugöngur í haust gerðu sig, samskipti bötnuðu og jukust.

Merkingarnar um hvar göngur hefjast ? Hvar eru þær ?

Til að bæta merkingarleysi vegna gönguleiða ættu BB og UMSB e.t.v að taka sig saman og sækja um styrki í verkefnið.

Hvetja hvert ungmennafélag til að sjá um 1 göngu f. almenning á hverju sumri.

Hvetja þarf starfsfólk BB áfram í lýðheilsu.

Í dreyfbýlinu þarf að lengja opnun sundlauga á Kleppjárnsreykjum og Varmalandi til að auka hreyfingu og að fólk hittist og samskipti batni.

Geðheilsa myndi batna við aukinn snjómokstur og með aukinni þjónustu við dreyfbýlið.

Jákvætt verkefni.

Vantar þarfagreiningu, en hvar er fólkíð á aldrinum 30 - 50 ára ?

Hvar er þetta auglýst ?

Vantar regnhlífina yfir alla starfsemina sem er í boði.

Við viljum öll fá fleiri iðkendur og þá þurfum við að draga fleiri með, allt tekur tíma.

Lítið viðhald á íþróttavellinum í Borgarnesi veldur því að þar er stundum háлка sem er hættuleg og torveldar fólkí göngu og aðra hreyfingu þar.

Hvernig sjáum við framhaldið ? enn erum við á þarfagreiningarstiginu.

Hvaða aðstöðu er BB að bjóða ?

Vinnustaðir reyna að hvetja sitt fólk í heilsurækt en það þarf að pressa til að það gerist.

Næst var liður 4 á dagskránni tekinn fyrir.

Verum jákvæð, Ingibjörg Inga með stuttan fyrirlestur um mikilvægi jákvæðni í félags og stjórnarstörfum.

Hugarfar skiptir öllu.

Hvað þarf til að ná árangri ?

Trúum á eigin getu.

Drögum lærdóm af neikvæðri reynslu.

Það skiptir mestu máli að vera þátttakandi !

Einblínum á framtíðina

Jákvætt hugarfar skiptir öllu máli.

Liður 2. Lagðar fram reglugerðarbreytingar varðandi kjör íþróttamanns Borgarfjarðar og Afreksmannasjóð UMSB

Reglugerðarbreytingar vegna kjörs íþróttamanns ársins í Borgarbyggð lagðar fram. Pálmi kynnti þær (fskj 1.)

Breytingarnar samþykktar samhljóða.

Afreksmannasjóður - reglugerðarbreytingar. (Fskj 2)

Pálmi kynnti breytingarnar sem voru samþykktar samhljóðandi.

Liður 3. Forgangsröðun uppbyggingar og endurbætur íþróttamannvirkja í Borgarbyggð.

Óskalisti um forgangsröðun á uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarbyggð samkv. samningi v. BB. (fskj 3)

Samþykkt að bæta inn hvaða ár hvert atriði kemur fyrst inn á listann.

Þetta er 4. ára áætlunin.

Húsbyggingarhópurinn er búinn að hittast og stefnir á ferðalag til að skoða hús og rekstrarform þeirra.

Liður 6 Önnur mál.

Stefán Logi spyr hvort samningur UMSB og BB sé að virka. Hvort verið sé að styrkja grasrótina. Hann telur þá fjármuni sem hestamenn hafa fengið hafi þeir fengið með harðfylgi beint frá BB.

Pálmi telur samninginn hafa virkað best fyrir hefðbundnu íþróttu og ungmennafélögin, Golfið og hestamenn séu að koma og fara.

Samþykkt að reyna að halda næsta formannafund snemma og kynna óskalistann fyrir frambjóðendum til sveitarstjórnar.

Fundargerð ritaði Kristín Gunnarsd.

Mættir á formannafund í Lyngbrekku 5. okt 2017

Magnús Örn Heiðarsson	MSB (Mótorsport ?)
Kolbeinn Magnússon	Hestamannaf. Faxe
Stefán Logi Haraldsson	Hestamannaf. Skugga
Jón Haraldsson	Golfkl. Borgarn.
Snorri Þórðarson	Golfkl. Glanna
Unnur Jónsd.	Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar.
Þorvaldur Ingi Árnason	Umf. Dagrenningu
Gunnlaugur Júlíusson	Borgarbyggð
Geirlaug Jóhannsdóttir	B.B.
Viktor Már Jónasson	Knattsp. Skallagr.
Guðrún Þórðard.	Dansíþróttafél. Borgarb og UMSB.
Sigríður Sjöfn Helgadóttir	Frjálsíþróttafél Borgarfj.
Sjöfn Vilhjálmsd.	Umf. Reykdæla
Þórhildur Kristinsd.	Umf. Reykdæla
Sigurður Guðmundsson	Umf. Íslendingi
Ásgeir Ásgeirsson	Umf. Stafholtstungna
Anna Dís Þórarinsd.	UMSB
Sólrún H. Bjarnadóttir	UMSB

Sigurjón Helgason
Þórður Sigurðsson
Pálmi Blængsson
Kristín Gunnarsd.

Umf. Birni Hítðælakappa.
Skotfélagi Vesturlands.
Framkv. stj. UMSB
ritari UMSB